

hönd umbjóðanda sins að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi hans, kr. 1086,00.

Eiðsfrestur ákveðst 30 dagar.

Föstudaginn 26. maí 1933.

Nr. 6/1931. **Réttvísinn** (Th. B. Lindal)

gegn

Birni Gíslasyni og Hansínu Ingu Pétursdóttur (Eggert Claessen).

Brot g. 254, 255, 259 og 264 gr. 2. mgr. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. dez. 1930: Ákærður, Björn Gíslason, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði, en ákærð, Hansína Inga Pétursdóttir, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Hin ákærðu greiði hvort um sig kostnaðinn við sitt gæzluvarðhald, og ákærð 70 krónur í málsvarnarlaun til talsmanns sins, Páls Jónssonar, en að öðru leyti greiði þau in solidum allan kostnað sakarinnar. Hin ákærðu skulu og swift rétti til að reka eða stjórna verzlun í næstu 5 ár frá uppsögn dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlaðgri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þann 24. ágústmánaðar 1929 úrskurðaði skiptaréttur Reykjavíkur ákærðu í máli þessu, Hansínu Ingu Pétursdóttur, gjaldþrota. Rannsókn sú er fór fram út af gjaldþrotinu samkvæmt 8. gr. laga nr. 25, 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti, leiddi til þess að dómsmálaráðuneytið fyrirskipaði með bréfi dags. 29. nóv. 1929 sakamálsrannsókn einnig á hendur ákærða Birni Gíslasyni og var mál þetta síðan höfðað gegn báðum hinum ákærðu með aukaréttarstefnu 14. nóv. 1930 fyrir brot gegn ákvæðum 26.

kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 sbr. l. nr. 53, 11. júní 1911 og lög nr. 51, 7. maí 1928 og lögum nr. 25, 14. júní 1929, og var málið dæmt í aukarétti Reykjavíkur 12. dez. 1930 með þeim úrslitum, er segir í dóminum. Var dómi þessum áfrýjað til hæstaréttar með stefnu dags. 30. dez. 1930 og var það fyrst flutt þar í nóvembermánuði 1931, en með úrskurði réttarins 30. þess mánaðar var lagt fyrir rannsóknardómarann að útvega ýmsar nýjar nánar tilgreindar upplýsingar í málinu. Hefir rannsóknardómarinn nú tekið ýtarleg framhaldspróf og útvegað upplýsingar þær, sem óskað var eftir. Var málið nú í annað sinn flutt skriflega samkvæmt sameiginlegri ósk sækjanda og verjanda, og hefir verjandi lagt enn fram nokkur ný skjöl. Verður nú með framhaldsprófunum og þessum nýju gögnum í sambandi við eldri prófin, að telja það upplýst og sannað í málinu, er hér á eftir greinir.

I.

Viðskipti ákærða Björns Gíslasonar við Guðjón kaupmann Guðmundsson, er snerta mál þetta, hefjast seint á árinu 1923 með því, að Guðjón lánar ákærða 750 kr. til að greiða með skuld. Á öndverðu árinu 1924 selur svo Guðjón ákærða skuldakröfur á Solveigu nokkura Hvannberg, er taldar eru að hafa verið 17000 kr. að nafnverði, en Guðjón telur hafa verið lítils virði. Auk þess lánaði Guðjón, er þá rak nýlenduvöruverzlun í Reykjavík, ákærða vöruúttekt úr sölubúð sinni. Þessi skuldasöfnun ákærða mun vera undirrót þess, að þ. 29. apríl 1924 gerir ákærði samning við Guðjón þess efnis, að Guðjón skyldi kaupa af ákærða 85000 pakka af

Persil þvottadufti fyrir tiltekið verð, er var um þriðjungi lægra en venjulegt heildsöluverð á því, og skyldi helmingur af kaupverði þvottaduftsins ganga til lúkningar framangreindum skuldum ákærða við Guðjón. Og í sambandi við samning þennan gefur ákærði 2. maí sama ár skriflega yfirlýsingu þess efnis, að hann skuldbindur sig til þess að greiða Guðjóni 15000 kr. upp í viðskipti er fram hafi farið milli þeirra og ræðir um í samningnum, ef hann verði haldinn. Þessi samningur kom þó aldrei til framkvæmda þegar af þeirri ástæðu, að annað firma hafði fengið einkasölurétt fyrir Persil þvottadufti hér á landi. Stóðu nefnd skuldaviðskipti ákærða og Guðjóns því óbreytt, og hefir Guðjón enn fremur borið, að hann hafi lánað ákærða fé seint á þessu ári til utanlandsferðar í verzlunarerindum, er þó eigi hafi borið neinn árangur, en þetta er eigi sannað gegn neitun ákærða. Þegar svo leið á árið 1925 fór ákærði að leiða Guðjóni það fyrir sjónir, að einasta leiðin til þess að geta greitt skuldina væri sú, að hann setti verzlun á stofn, en til þess þyrfti hann að fara til útlanda og útvega sér þar vörulán. Ákærði hefir borið það, að hann á þessum tíma hafi engar eignir átt, en verið skuldum hlaðinn, og fór hann þess á leit, að Guðjón legði fram fé til fararinnar og samþykkti hann það. Er það ekki fyllilega upplýst, hve mikið fé Guðjón lét ákærða fá í þessu skyni, en fyrir þessu láni samþykkti Steinunn Stefánsdóttir, er ákærði þá bjó með, víxil að uphæð 5355 kr., er með vöxtum var síðar hækkaður upp í 5500 kr. og þá samþykktur af ákærða. Er það upplýst með framhaldsprófunum, að Guðjón var um áramótin 1925/26 sæmilega efnum búinn og naut trausts

annara sem skilvís og áreiðanlegur maður í viðskiptum.

Eftir að hafa fengið þetta lán fór ákærði utan seint á árinu 1925 í verzlunarerindum, og á öndverðu næsta ári sendi hann bústýru sinni, áður nefndri Steinunni Stefánsdóttur, símskeyti, er að vísu hefir eigi verið lagt fram, en ætla má eftir framburðunum að hafi verið þess innihalds, að hann hefði fest kaup á nýlenduvörum fyrir 17000 kr., en að sig vantaði 1700 kr. til að fá kaupin fullgerð.

Skýrði Steinunn Guðjóni frá þessu og sendi Guðjón ákærða þá 1700 kr. í þessu skyni, og lét Steinunni, er þá var veik, auk þess fá 300 kr. sér til framfæris. Skömmu síðar eða í febrúarmánuði 1926 kom svo ákærða, Hansína Inga, til Reykjavíkur og ákærði Björn Gíslason litlu síðar. Höfðu þau kynnst í Kaupmannahöfn í þessari ferð ákærða og það orðið að samkomulagi milli þeirra, að þau skyldu stofnsetja vefnaðarvöruverzlun í Reykjavík, og í því skyni hafði ákærði fest kaup á miklu af vefnaðarvörum. Er svo að sjá af skýrslu, er um það hefir verið gerð, að þau hafi mánuðina febr.—apríl 1926 fengið vörur fyrir um 25000 kr. frá útlöndum, að meðtöldum tollum, farmgjaldi og öllum kostnaði. Áttu sumar af vörum þessum að greiðast gegn afhendingu farmskirteinis, en aðrar voru seldar gegn víxli með 3—6 mánaða gjaldfresti. Er ákærðu komu með vörurnar frá útlöndum skýrðu þau Guðjóni frá því, að ekkert hefði orðið úr kaupunum á nýlenduvörunum vegna þess að peningarnir frá honum hefðu komið of seint, en að vefnaðarvöruverzlun mundi gefa fljótteknari gróða, og að hann mundi fá skuld sína borgaða, ef hann

hjálpaði til að innleysa vörurnar. — Guðjón gekk inn á að gera þetta og hefir hann skýrt svo frá, er og styðst við annað, sem upplýst er, að hann hafi sumpart með eigin handbæru fé sinu, og sumpart með fé, er hann fékk að láni hjá öðrum, lagt fram um 28000 kr. til innlausnar vörunum, þar í þó meðtalinn 7000 kr. víxill, er hann gaf út og Hansína Inga samþykkti og seldur var öðrum, og fyrir þessum lánum samþykkti ákærði Björn Gíslason þ. 10. marz 1926 víxil með gjalddaga 10. ágúst s. á. til Guðjóns fyrir 28650 kr., og eru þá í upphæðinni taldir vextir og ef til vill einhver afföll. Og tveimur dögum síðar samþykkir hann annan víxil til Guðjóns fyrir 17000 kr. og eru í honum faldar þær 15000 kr., sm ákærði var talinn skulda áður en hann fór utan sem áður segir, að viðbættum þeim 2000 kr. (1700 + 300 kr.), er Guðjón lagði fram eftir áramótin 1926. Sama dag samþykkti og Steinn Stefánsdóttir víxil fyrir áðurnefndum 5355 kr. Eftir að ákærði Björn Gíslason kom úr nefndri utanför sinni og Guðjón Guðmundsson hafði útvegað honum peninga til innlausnar vörunum stóðu því viðskipti hans við Guðjón þannig samkvæmt víxilskuldbindingunum, að hann skuldaði honum $17000 + 5355 + 28650 = 51005$ kr., og eru þá eigi taldir með víxlar þeir: kr. 7000,00 + 5500,00 + 1500,00 + 8000,00 eða samtals kr. 22000,00, er Guðjón síðar gerðist ábyrgur að fyrir ákærða, og seldir voru til að útvega vörur fyrir eða peninga í þágu ákærða.

Eftir að hin ákærðu voru komin frá útlöndum svo sem áður segir, settu þau á stofn vefnaðarvöruverzlun á Grettisgötu 1 í Reykjavík, er gekk undir nafninu „Vorblómið“. Var verzlunin rekin á nafni

ákærðu Hansínu Ingu og borgarabréfið er eigi var gefið út fyrr en 19. okt. 1926, hljóðaði á hennar nafn og áðurnefndar vörur, er frá útlöndum komu, voru henni sendar. En um verzlun þessa er það annars upplýst, að ákærði Björn Gíslason útvegaði allar vörurnar og lánin til vörukaupanna, átti að sjá um allt bókhald, stjórnaði henni út á við og hafði ákvörðunarrétt um allt verzluninni viðvikjandi, en starf Hansínu Ingu var aðallega fólgið í daglegri afgreiðslu og afhendingu í sölubúðinni, og það sem inn kom fyrir seldar vörur var notað til framfæris sameiginlegu heimili þeirra. Verður því að líta svo á, að ákærði Björn Gíslason hafi verið eigandi og stjórnandi verzlunarinnar eigi síður en Hansína Inga og beri ábyrgð á verzlunarrekstrinum.

Sama dag og áðurnefndur víxill að upphæð 28650 kr. var samþykktur afsalaði ákærða Hansína Inga að visu nokkru af vörum þeim, er innleystar höfðu verið, til Guðjóns Guðmundssonar upp í skuldina, en hann afhenti þær aftur þá þegar í verzlunina á Grettisgötu 1, og var þeim þar blandað saman við aðrar vörur, og svo um samið, að Guðjón skyldi fá andvirði þeirra og annara vara, er hann hafði innleyst, jafnóðum og þær seldust. En efndirnar á þessu urðu þær, að á tímabilinu frá því að verzlunin byrjaði og til máiloka fékk hann aðeins greiddar 1100 kr., er hann segist að mestu hafa orðið að láta ganga aftur inn í verzlunina, og auk þess fékk hann vörur fyrir um 2000 kr., er hann lét upp í kaupverð svonefnds Vilborgarhúss, sem síðar getur um, og enn fremur litið eitt af fatnaði. Hinsvegar notfærðu ákærðu sér það, er kom inn fyrir vörurnar sér til framfæris og til verzlunarrekstursins, og er Guð-

jón tók að gerast órólegur út af því að fá eigi lán sín endurgoldin, svo sem hann hafði vænt og lofað var, stakk ákærði upp á því að reyna að selja vörurnar í stórslumpum gegn greiðslu í íslenskum vörum. Fór hann í því skyni vestur á Ísafjörð í byrjun maímánaðar og gerði þar með samþykki Guðjóns og umboði hans samning við Hálf dán Hálf dánarson um sölu á vefnaðarvörum úr verzluninni Grettisgötu 1 fyrir um 30 þúsund krónur gegn afhendingu á 650 tunnum af síld. Hálf dán gaf þó síðar eftir samning þennan og varð því ekkert úr kaupunum.

Um það leyti, sem þessi vörukaup gengu til baka er svo að sjá, að Guðjón hafi átt að fá eitt-hvað af vörum úr verzluninni Grettisgötu 1 afhent sér til eignar og voru í því skyni teknar frá vörur í einn eða fleiri kassa, er geymdir voru þar í vöru-geymsluhúsinu, og hefir Guðjón skýrt svo frá, að samkomulag hafi orðið við ákærða um, að hann (Guðjón) fengi þessar vörur til eignar gegn afhendingu á kvittuðum 5500 kr. vixlinum, er áður getur um. En Guðjón tók þó aldrei þessar vörur úr geymsluhúsinu, því litlu eftir að vörurnar voru teknar frá seldi ákærði þær eða megnið af þeim með samþykki Guðjóns, ásamt öðrum vörum, Stefáni Sigurðssyni í Vigur, í skiptum fyrir síld, og verður eigi annað séð en að Guðjón hafi átt að teljast eigandi síldarinnar.

Eftir að þessi kaup voru um garð gengin tók ákærði að sér að selja síldina fyrir Guðjón í út-löndum og voru honum útvegaðir peningar til ut-anfararinnar með því að selja vixil, er Guðjón hafði samþykkt, og seldi ákærði síldina í Ham-borg, en hefir enga skilgrein gert fyrir andvirðinu

aðra en þá, að síldin hafi selzt illa og því lítið orðið afgangs kostnaði, og til Guðjóns rann ekkert af söluandvirði síldarinnar.

Um sama leyti sem nýnefnd vörusala til Stefáns Sigurðssonar fór fram eða þ. 2. júní 1926 undirskrifaði Guðjón yfirlýsingu þess efnis, að hann ætti enga skuldakröfu á hendur Hansínu Ingu eða verzlunina Vorblómið, og hefir ákærði Björn Gíslason haldið því fram, að þá hafi endanleg uppgjörð farið fram á viðskiptum Guðjóns við Hansínu Ingu og Vorblómið, og að hann hafi því ekki eftir þetta átt rétt á að fá greitt neitt af söluandvirði varanna. En Guðjón hefir afdráttarlaust neitað því, að nokkur uppgjörð á viðskiptunum hafi þá farið fram og hafi hann ekki með yfirlýsingunni afsalað sér neinum rétti, heldur hafi hann gefið hana af því, að hann taldi sig að eins eiga til skuldar að telja hjá Birni Gíslasyni, en ekki neitt hjá Hansínu Ingu, og eftir öllum atvikum verður að álita þetta rétt. Verzlunin á Grettisgötu 1 hélt áfram eftir það með sama sniði og áður. Þá um sumarið var sent nokkuð af vörum frá verzluninni norður á Siglufjörð til sölu þar, og var það gert með samþykki Guðjóns, en hann fékk ekkert af andvirði þeirra, og enginn skilagrein var gerð fyrir sölunni önnur en sú, að vörurnar hefðu ekki selzt fyrir kostnaði.

Þá stofnaði Björn Gíslason seinna á því ári til nýrra vörulána frá útlöndum, meðal annars frá Crome & Goldschmit fyrir rúmar 8000 kr., frá Holdau fyrir rúmar 4000 kr. og frá L. Hoff fyrir tæpar 5000 kr., þessar upphæðir þó allar með tolli og kostnaði hingað komnar. Með þessum vörum ásamt eldri vöruleyfunum var svo verzunin rekin áfram, en Guðjón fékk enga greiðslu af söluand-

virðinu, heldur var það notað til framfæris hinum ákærðu og til verzlunarrekstursins, og gekk þetta þannig fram á árið 1927. En með samningi 15. apríl það ár seldi Hansína Inga frú Jóhönnu Olgeirsson, systur Björns Gíslasonar, verzlunina og vöruleyfarnar fyrir kr. 2435,25, en svo er að sjá sem aðeins kr. 435,25 af kaupverðinu hafi verið greiddar ákærðu, en greiðslu ekki krafist á 2000 kr. Var verzlunin síðan rekin á nafni Jóhönnu fram á árið 1928, en þá hætti hún, enda þá lítið orðið eftir af vörum. Lauk því verzlunarrekstrinum á Grettisgötu þannig, að Guðjón hafði svo sem ekkert fengið endurgreitt af öllu því fé, er hann hafði lánað ákærðu og útvegað til verzlunarrekstursins, að undanskildum áðurnefndum 1100 + 2000 kr.

Svo sem áður hefir verið sagt var ákærði Björn Gíslason eignalaus maður og skuldum hlaðinn, er hann á öndverðu og síðar á árinu 1926 stofnaði erlendis vörulán þau, sem getið hefir verið um, og gat ekki gert sér nokkra von um að geta greitt þau á gjalddaga eða lán þau, er hann fékk til innlausnar þeim, eftir að vörurnar komu hingað til landsins, enda sýnir öll meðferð hans á vörunum og andvirði þeirra, að hann hefir ekki ætlað sér að greiða þau, og einnig má telja það nægilega upplýst, að hann hafi beitt Guðjón blekkingum, til þess að fá hann til að senda sér peninga til útlanda eftir áramótin 1926 og síðar til þess að leggja fram fé til innlausnar vörunum. Hefir ákærði með þessu gerst brotlegur gegn 253. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með ráðstöfun sinni á söluandvirði síldarinnar, er hann seldi erlendis fyrir Guðjón, hefir hann brotið gegn 259. gr. sömu laga.

Að því er snertir ákærðu Hansínu Ingu, þá er

það upplýst að hún átti engan þátt í útvegum vörlánanna, en henni var hinsvegar kunnugt um þau og að þau áttu að endurgreiðast af söluandvirði varanna, og þar sem hún lét telja sig eiganda verzlunarinnar og hagnýtti sér andvirðið sér og sínum til framfæris, þá hefir hún gerzt brotleg gegn 253. gr. sbr. 56. gr. hegningarlaga.

II.

Á öndverðu árinu 1926 keypti nefndur Guðjón Guðmundsson svonefnt Vilborgarhús í Ólafsvík og lét hann fyrir það hálfa jörðina Kolholtshelli í Árnessýslu og að auki 2000 kr. í vörum, er hann hafði fengið hjá ákærða Birni Gíslasyni. Um vorið eftir að þessi húskaup fóru fram fór ákærði þess á leit, að Guðjón keypti skófatnað af Þorsteini Gíslasyni, bróður ákærða, og varð það úr að Guðjón keypti skófatnaðinn fyrir 3000 kr. á þann hátt, að hann samþykkti víxil fyrir þeirri upphæð til Þorsteins, með gjalddaga 26. ágúst næsta á eftir og veðsetti honum með 2. veðrétti Vilborgarhúsið til tryggingar víxlinum, en skófatnaðurinn, sem seldur var, var þó aldrei afhentur Guðjóni. En um Vilborgarhúsið fór svo, að það var þá um sumarið selt á nauðungaruppboði til lúkningar opinberum gjöldum, er Guðjón gat ekki greitt vegna féleysis og missti Guðjón við það eignarrétt sinn og tapaði því, er hann hafði greitt fyrir húsið. En þar sem ákærði afhenti Guðjóni síðar víxil þann, er hann hafði samþykkt til Þorsteins út af kaupunum á skófatnaðinum, verður eigi litið svo á, að ákærði hafi gert sig sekan í refsiverðum verknaði hvað þetta snertir.

III.

Á öndverðu ári 1926, líklega í marzmánuði, keypti nefndur Guðjón Guðmundsson húseignina Grundarstig 4 A í Reykjavík af konu Geirs snikkara Pálssonar. Kaupverðið var 80 þúsund krónur, og var greitt þannig, að Guðjón tók að sér áhvilandi veðskuldir að upphæð 40600 kr., greiddi 4000 kr. í peningum, 1200 kr. með vixli, 5000 kr. með vöruúttekt frá Halli kaupmanni Þorleifssyni, og 7000 kr. með vörum frá Guðmundi Þorkelssyni, eða alls 17200 kr., en fyrir eftirstöðvum kaupverðsins var gefið út skuldabréf með veði í húsinu. Guðjón var raunverulegur kaupandi hússins, en afsalið var þó ekki gefið út á nafn hans heldur á nafn Halls Þorleifssonar, en hann afsalaði því aftur litlu síðar til Guðjóns. Það verður eigi séð, að ákærði Björn Gíslason hafi átt neinn þátt í því, að Guðjón keypti húsið í fyrstu, en Guðjón skýrir svo frá, að ákærði hafi nokkru síðar boðist til að selja húsið fyrir sig með hagnaði og varð það til þess, að Guðjón afsalaði ákærða húsinu. Ber Guðjóni og ákærða saman um það, að afsal þetta hafi aðeins átt að skoðast sem söluumboð til ákærða. En eftir að hafa fengið söluumboð þetta afhenti ákærði þá um vorið, áður en hann fór til útlanda, konu Geirs Pálssonar húsið aftur til eignar og ónýtti öll þrjú afsölin, en fékk afhent til ónýtingar skuldabréfið, er gefið hafði verið út fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, og hefir Guðjón borið, að þetta hafi verið gert án sinnar vitundar og samþykkis. Guðjón missti þannig eignarrétt sinn að húsinu og tapaði þeim 17200 kr., er hann hafði greitt af kaupverðinu og leigu, sem talin er að hafa verið 625 kr. á mánuði, fékk hann enga greidda þann tíma, sem hann var

eigandi hússins, þar sem hann hafði falið Geir Pálssyni að innheimta hana og láta hana ganga til lúkningar veðskuldum á húsinu, er hann hafði tekið að sér. Ákærði hefir fært það sér til afsökunar, að hann hafi verið tilneyddur að gera þetta vegna þess, að afborganir og vextir af veðskuldum á húsinu hafi verið fallnar í gjalddaga og fé ekki fyrir hendi til að greiða þær, en Geir Pálsson gengið hart að sér með greiðslu þeirra. En með framhalds-prófunum er það sannað að þetta er rangt, og að minna var fallið í gjalddaga af þeim en sem nam húsaleigu þeirri, er Geir Pálsson hafði innheimt fyrir Guðjón og ráðstafað var til lúkningar þessu. Verður því að líta svo á, að ákærða hafi brostið alla heimild til að afhenda húsið á þann hátt, sem hann gerði, og að hann hafi með því að ónýta afsölin, og þar með svifta Guðjón gögnum til að hagnýta sér eignina og með því að stofna þarmeð eignarrétt yfir eigninni ósamrýmanlegan rétti Guðjóns, gerzt brotlegur við 254. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Eins og segir í dómi undirréttarins fékk nefndur Guðjón Guðmundsson hjá Guðmundi Þorkelssyni upp í viðskipti þeirra víxil samþykktan af A. J. Grönberg í Kaupmannahöfn að upphæð 5000 kr., og skipti Guðjón víxli þessum fyrir annan víxil sömu upphæðar, er Frans Andersen hafði samþykkt. Þennan síðari víxil afhenti svo Guðjón ákærða Birni Gíslasyni, er hann fór til útlanda vorið 1926, til þess að reyna að selja hann þar. En úr því varð ekki, heldur gaf ákærði Guðmundi Þorkelssyni víxilinn við samfundi þeirra í Ham-

borg í þetta sinn. Að vísu gerði ákærði þetta í heimildarleysi, en þar sem víxillinn hefir eftir prófunum að dæma verið einskis virði, verður þessi verknaður ákærða eigi talinn honum til refsingar.

V.

Viðskipti ákærða við Gísla Gíslason silfursmið í Reykjavík, byrjuðu þannig, að Gísli gerðist árið 1926 ábyrgðarmaður að tveimur víxlum fyrir ákærða, að upphæð 8000 kr. og 3000 kr., og seldi ákærði víxla þessa Sigurði Jónssyni fyrir vörur og peninga, en leysti þá ekki inn á gjalddaga, svo að Gísli varð að svara til þeirra. Um það leyti sem víxlarnir féllu í gjalddaga fór ákærði þess á leit við Gísla, að hann yrði sér í útvegum með fé til þess að „gera verzlun“, svo að hann gæti losað Gísla við víxilábyrgðir hans. Varð þetta til þess að Gísli skrifaði á þrjá nýja víxla fyrir ákærða að upphæð 20000 kr., 7500 kr. og 5500 kr., og var það beinlinis tekið fram, að víxlana eða það sem fengist fyrir þá skyldi nota til þess að losa Gísla við ábyrgðarskuldbindingar hans til Sigurðar Jónssonar. Það lítur nú út fyrir, að 20000 kr. víxillinn hafi verið notaður til kaupa á gufuskipinu Nora, er svo var selt öðrum, og hefir ákærði sjálfur séð um innlausn þess víxils, án þess Gísli þyrfti að svara til hans. En hina tvo víxlana seldi ákærði öðrum, og var andvirði þeirra eigi notað til að losa Gísla við fyrri víxlaábyrgðirnar, eins og umsamið var, og hefir verið gengið eftir greiðslu þeirra hjá Gísla. Víxilábyrgðir Gísla fyrir ákærða voru því nú orðnar $8000 + 3000 + 7500 + 5500 = 24000$ krónur, að ótöldum vöxtum. Þegar svo er komið málum gera þeir Gísli og ákærður samning 28. ágúst 1928

Þess efnis, að ákærði selur Gísla 3200 mill af vindlingum, er liggi í frihöfninni í Kaupmannahöfn fyrir 8 kr. pr. mill. og skyldu 3520 d. kr. greiðast við afskipun vörunnar í Kaupmannahöfn, en eftirstöðvar kaupverðsins, sem taldar eru 22080 kr. skyldu ganga til fullnaðargreiðslu á ábyrgðum Gísla fyrir ákærða við Sigurð Jónsson og Þórarinn Kjartansson, er keypt hafði annan af hinum síðast greindu vixlum. Gísli greiddi svo hinar áskildu d. kr. 3520 og komu vindlingarnir hingað til landsins, en Gísli gat þá eigi geitt tollinn af þeim, og voru þeir seldir á uppboði og hrökk uppboðsandvirðið ekki til lúkningar tollinum, þannig, að Gísli tapaði því, er hann hafði lagt út fyrir þá og allar ábyrgðarskuldbindingar hans stóðu óhaggaðar gagnvart Sigurði Jónssyni og Þórarni Kjartanssyni. —

Af þeim verknaði ákærða, sem hér hefir verið lýst, er það refsivert samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna, að andvirði 7500 kr. og 5500 kr. vixlanna var varið öðrvísi en umsamið var, og getur það ekki losað ákærða undan refsíábyrgð, að Gísli hefir sem fyrr segir samþykkt sem fullnaðargreiðslu fyrir ábyrgðarskuldbindingunum til Sigurðar Jónssonar og Þórarins Kjartanssonar eftirstöðvar kaupverðsins fyrir vindlingana. —

VI.

Eins og áður var sagt seldu hin ákærðu árið 1927 verzlunina á Grettisgötu 1 og fóru þau bæði þá um haustið til útlanda. Komust þau þá í verzlunarsamband við firmað J. Scermeister & Co. í Kaupmannahöfn, er seldi hattavörur, og afréðu þau þá að setja á fót hattaverzlun í Reykjavík. Eftir að stofnað var til þessa verzlunarsambands hvarf

ákærða aftur til Reykjavíkur og veitti verzluninni á Grettisgötu 1 forstöðu í forföllum eigandans, þar til sú verzlun hætti á öndverðu árinu 1928. Það er svo að sjá sem J. Schermeister & Co. hafi byrjað að afgreiða vörur til ákærðu síðustu mánuði ársins 1927, og um þessar vörur aðallega gerir ákærði Björn Gíslason þ. 27. nóv. 1927 í Kaupmannahöfn þann samning við Ásgeir I. Ásgeirsson nokkurn, sem hann skuldaði fé frá eldri viðskiptum, að þeir skuli innleysa vörurnar í félagi og skyldi Ásgeir fá helminginn af söluágóðanum upp í eldri skuldina og ferðakostnað til Kaupmannahafnar. J. Schermeister sendi vörurnar á nafn ákærðu Hansínu Ingu gegn staðgreiðslu í Reykjavík við afhending varanna, en það kom þó eigi til þess, að nefndur Ásgeir I. Ásgeirsson innleysti neitt af vörunum, heldur stofnaði ákærði nú til viðskiptasambands við M. Th. Blöndahl, kaupmann í Reykjavík, og fékk hann til að innleysa þær og síðari vörusendingar frá J. Schermeister & Co.

Tildrögin til þessara viðskipta ákærða og M. Th. Blöndahl voru þau, að hinn síðarnefndi hafði í viðskiptum, sem eigi koma þessu máli við, eignast víxil á ákærða og Guðjón Guðmundsson að upphæð 5500 kr. Ákærði gat eigi greitt víxilinn á gjalddaga, en kvaðst mundu geta greitt hann síðar, ef Blöndahl hjálpaði sér til að leysa út hattavörur, er ákærðu gætu verzlað með. Varð þetta að samkomulagi, og er svo að sjá sem Blöndahl hafi leyst út fyrstu vörusendinguna 23. marz 1928. Og um þetta leyti stofnsetja hin ákærðu nýja verzlun í Reykjavík, sem nefnd var Hattaverzlunin á Klapparstíg 37. Var verzlun þessi rekin á sama hátt sem verzlunin á Grettisgötu 1 áður, þannig að borgara-

bréfið hljóðaði á nafn Hansínu Ingu og verzlunin gekk undir hennar nafni og vörurnar frá útlöndum voru henni sendar, en ákærði útvegaði vörurnar, tók á sitt nafn lánin til vörukaupanna, stjórnaði verzluninni út á við og hafði umboð til að skuldbinda hana og átti að sjá um bókhaldið, og var þannig raunverulegur eigandi hennar og stjórnandi ásamt ákærðu, er aðeins lagði fram vinnu sína við hattagerðina og afhendingu í sölubúðinni. Verzlunararðinum var og varið til sameiginlegs framfæris þeirra. Var svo um samið milli ákærða og Blöndahl, að hinn síðarnefndi tók í sínar vörzlur vörur þær, er hann innleysti, og varð eigandi þeirra. Lítið eitt af þeim seldi hann og færði ákærða andvirðið til tekna, en megnið af þeim afhenti hann hinum ákærðu smátt og smátt til umboðssölu í Hattaverzluninni á Klapparstíg 37, með þeim skilmálum, að þau skyldu greiða til hans helminginn af söluverði þeirra jafnóðum og þær seldust, en útsöluverðið var sett svo, að helmingur þess átti að vera nokkru meira en innlausnarárandvirði þeirra, og hugðist Blöndahl með þessu móti mundu geta fengið eitthvað upp í víxilskuldina. Þetta gekk sæmilega fyrstu mánuðina, en þegar leið á árið fóru innborganirnar þverrandi og er svo að sjá, að tvo síðustu mánuði ársins hafi ekkert verið greitt af söluverðinu til Blöndahls, heldur hafi ákærðu notað það til verzlunarrekstursins og sér til framfæris. Blöndahl neitaði því undir áramótin að afhenda þeim meira af vörum til sölu, enda hafði skuld ákærða við hann aukizt á árinu, svo að hún var um áramótin orðin samkvæmt reikningi hans kr. 15704,14, að meðtalinni hinni upprunalegu víxilskuld, en á móti því hafði Blön-

dahl allmikið af hattavörunum í sínum vörzlum. Er þannig tók fyrir vöruafhendingu Blöndahls til Hattaverztlunarinnar á Klapparstig 37, fór ákærði að tala um, að hann mundi geta leyst út hattavörurnar með öðrum vörum. Og í ársbyrjun 1929 fara bæði hin ákærðu til Kaupmannahafnar í verzlunarerindum og þ. 5. febr. gera þau nýjan samning við J. Scermeister & Co. Þess efnis, að firmað skuli eftirleiðis senda þeim hattavörur í umboðs-sölu og þau innborga innkaupsverð þeirra í banka-reikning firmans í Reykjavík jafnóðum og þær seldust. Til tryggingar því að þessi samningur verði haldinn veðsetja þau vörur, er þau eigi kvaðalausar í Reykjavík, að virðingarverði kr. 10464,85, sem allar voru frá J. Schermeister & Co. og allar útleystar af Blöndahl, en samningur þessi hefir eigi verið þinglesinn að því er séð verður. Hefir ákærða, Hansína Inga, undirritað samninginn sem samningsaðili og með nafninu Inga Gíslason, en ákærði, Björn Gíslason, ritar undir samninginn, sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Í þessari ferð kaupir ákærði, Björn Gíslason, einnig verzlunarvörur hjá erlendum firmum, sem hér segir:

Hjá Köbenhavns Sadelmagerma-

gasín	d. kr.	2415,31
— Hermann Gryn	- — c.	900,00
— Magnephon	- — c.	3000,00
— Johs. Christensen	- —	3699,49
— S. Börgesen & Co.	- —	1207,23
— Dansk Ramme og Spejlfa- brik	- — c.	2000,00

Samtals d. kr. c. 13222,03

og var megnið af vörum þessum keypt gegn víxlum með 3—6 mánaða gjaldfresti. Telur ákærði þrjár af þessum skuldum vera persónulegar skuldir sínar, en þrjár þeirra skuldir Hattaverzlunarinnar á Klapparstíg 37. Eftir að ákærðu komu úr þessari ferð aftur til Reykjavíkur afhenti Björn Gíslason vörur þessar að undanteknum vörunum frá S. Björgesen & Co., til M. Th. Blöndahl í skiptum fyrir hattavörurnar, er hann samkvæmt áðursögðu hafði í vörzlum sínum. En þessar hattavörur frá Blöndahl ásamt umboðssöluvörunum frá J. Schermeister & Co. voru látnar í Hattaverzlunina á Klapparstíg 37, til þess að seljast þar og í útsölu á Bankastræti 7, er nú var stofnuð undir nafninu Fransk Modemagasín, og Hansína Inga var talin eigandi að. Höfðu bæði hin ákærðu framfæri sitt af þeim verzlunum, þar til fór að líða að því, að víxlarnir fyrir vörum þeim, er samkvæmt framan-sögðu voru keyptar í Kaupmannahöfn á öndverðu árinu 1929, féllu í gjalddaga. En áður en svo var komið seldi ákærði með samningi 6. júní 1929 fyrnefndum Ásgeiri I. Ásgeirssyni hattavörurnar, er hann hafði fengið í skiptum frá Blöndahl ásamt öðrum vörum, og var kaupverð þeirra talið 32000 kr. og þar af voru 6500 kr. greiddar í peningum, er að mestu voru greiddir í bankareikning J. Schermeister & Co., en 25500 kr. af kaupverðinu skyldu ganga til fullnaðargreiðslu á eldri skuld ákærða til Ásgeirs. Ennfremur seldi ákærði Gunnari Sigurðssyni kaupmanni í „Von“ í fyrra hluta ágúst-mánaðar 1929, vörur úr búð þeirra ákærðu á Klapparstíg 37 fyrir 1500 kr. í peningum. Þannig var því komið fyrir að mestallar vörurnar í verzluninni á Klapparstíg 37 voru taldar eign annara

þegar vöruvixillinn frá Köbenhavns Sadelmagermagasín féll í gjalddaga 18. júní 1929, að upphæð d. kr. 2415,31, og gat ákærða því eigi vísað á nægilegt verðmæti við löghaldsgjörð, er fór fram honum til tryggingar, og leiddi það til þess að ákærða var úrskurðuð gjaldþrota 24. ágúst 1929, svo sem áður er sagt, en síðar komst hún þó að samningum við skuldheimtumenn sína og fékk aftur bú sitt til umráða. En um skuldaskipti Blöndahls við ákærða Björn Gíslason er það enn fremur að segja, að skuld hans var í árslok 1929 samkvæmt reikningi Blöndahls orðin kr. 18705,02 og 11. sept 1930 kr. 24166,52, en þann dag seldi Blöndahl málaflutningsmanni ákærðu, Páli Jónssyni, skuldina ásamt vörunum, sem í hans vörzlum voru, gegn 15000 kr. vixli, er að sögn hefir eigi fengist greiddur, en afskrifaði sem tapað kr. 9166,52.

Af athöfnum ákærða Björns Gíslasonar, sem lýst hefir verið í þessum kafla, verður að telja ráðstöfun hans á söluandvirði vara þeirra, er M. Th. Blöndahl afhenti honum til sölu fyrir sig, refsiverða samkvæmt 259. gr. hinna almennu hegningarlaga, og vörulán hans erlendis á árinu 1929 refsiverð samkv. 253. gr. sömu laga, þar sem það af öllum ráðstöfunum hans þykir augljóst, að hann hefir ekki ætlað sér að endurgreiða þau, enda ekki getað gert sér von um að geta það.

Og með því að verzlunin á Klappastíg 37, sem eins og fyrr segir var raunveruleg eign beggja hinna ákærðu, stóð þá í skuldum við þrjá hina nýnefndu lánardrottna og fyrirsjáanlegt var, að þær yrðu bráðlega krafðar, en hinsvegar ekkert til að greiða þær með, þá hlaut ákærði að sjá fyrir yfirvofandi gjaldþrot ákærðu, sem að nafni til tald-

ist eigandi verzlunarinnar, þegar vörusalan til þeirra Ásgeirs og Gunnars fór fram. Hefir ákærði því með þeirri athöfn gerzt brotlegur við 262. gr. sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga. Ennfremur hefir ákærði með veðsetningunni til J. Schermeister & Co. gert ráðstöfun til að stofna veðrétt í vörum þeim, sem Magnús Blöndahl hafði þá fengið réttindi yfir, og heyrir það brot ákærða, með því að veðréttur þessi virðist aldrei hafa löglega stofnast, undir 255. gr., sbr. 46. gr. áðurnefndra hegningarlaga. Ákærða, Hansína Inga, hefir beinlínis sjálf framkvæmt með ákærða, Birni Gíslasyni, þær athafnir, sem honum eru hér taldar refsiverðar eftir 255., sbr. 46. gr., og 262. gr. hegningarlaganna. Henni hlaut að vera kunnugt um rétt Blöndahls yfir vörum þeim, sem veðsettar voru J. Schermeister & Co., og verður atbeini hennar að þeirri ráðstöfun því einnig refsiverður eftir 255., sbr. 46. gr. hegningarlaganna. Hinsvegar þykir varhuga-vert að ganga út frá því, að henni hafi verið svo kunnugt um skuldbindingar og hagi verzlunar þeirra ákærðu, að hún hafi hlotið að sjá fyrir yfirvofandi gjaldþrot þegar vörusalan fór fram. Verður að því leyti að sýkna hana. Þar á móti verður þátttaka hennar í því broti, sem ákærða er talið hér refsivert eftir 259. gr. hegningarlaganna, að teljast refsiverð af sömu ástæðum, sem í 1. kafla segir, eftir 259., sbr. 56. gr. sömu laga.

VII.

Þá er það loks upplýst, að bókhaldið við verzlunir hinna ákærðu bæði á Grettisgötu 1 og Klapparstíg 37 hefir allan tíman frá því verzlunin byrjaði og fram að gjaldþroti verið ófullkomið og ó-

reglulegt. Ákærða Hansína Inga Pétursdóttir var bókhaldsskyld samkv. lögum nr. 53, 4. júlí 1911, en hún sjálf vann ekkert að því, heldur hafði ákærði Björn Gíslason það á hendi og átti að sjá um það. Hafa bæði hin ákærðu viðurkennt, að við verzlunirnar hafi ekki verið haldnar nema sumar af bókum þeim, sem kaupmönnum er skylt að halda samkvæmt nefndum lögum, og að efnahagsreikningur hafi ekki verið gerður árlega. Við rannsókn málsins hafa ekki komið fram neinar verzlunarbækur fyrir árin 1926 og 1927. Er þó svo að sjá af prófunum, að byrjað hafi verið að halda sjóðbók árið 1926, en að því hafi verið hætt, er fram á árið kom, og að ekkert bókhald hafi upp frá því verið þar til verzlunin var seld á árinu 1927. Engar verzlunarbækur fyrir árið 1928 komu heldur fram við fyrri rannsóknina, en við fyrri flutning málsins fyrir hæstarétti kom fram eftirrit af sjóðbók það ár, en frumritið talið glatað og sömuleiðis höfuðbók fyrir það ár. Fyrir árið 1929 var rannsóknardómaranum afhent sjóðdagbók, er þó aðeins var fyrir tímabilið frá 1. jan. og fram í marzmánuð, og enn fremur sjóðbók frá 1. jan. til 12. ágúst og frumbókarbrot. En fylgiskjöl við bækurnar vantaði og bókhaldið að öðru leyti svo ófullkomið, að af því varð ekkert ráðið um efnahag verzlunarinnar. Það verður þó eigi talið nægilega sannað, að hin ákærðu hafi í sviksamlegum tilgangi vanrækt að halda bækur eða skotið bókum undan og ber því að heimfæra þetta afbrot Hansínu Ingu Pétursdóttur undir 264. gr. 2. mgr. hegningarlaganna, og afbrot Björns Gíslasonar undir 264. gr. 2. málsg. sbr. 48. gr. sömu laga.

Refsing ákærða Björns Gíslasonar fyrir öll fram-

antalin afbrot þykir með hliðsjón af 63. og 58. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 12 mánaða betrunarhúsvinna og refsing ákærðu Hansínu Ingu Pétursdóttur með tilliti til þess, að hún má teljast hafa verið ákærða mjög háð og að lífsupheldi hennar og barna hennar byggðist mjög á starfsemi ákærða, tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo skulu og hin ákærðu samkv. 8. gr. l. nr. 25, 14. júní 1929 svift rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki, Björn Gíslason æfilangt og Hansína Inga Pétursdóttir í 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði hvort um sig varðhaldskostnað sinn í héraði, og ákærða greiði talsmanni sínum í héraði, Páli Jónssyni, málsvarnarlaun, 70 kr. Allan annan kostnað sakarinnar í héraði, svo og allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málaflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarétti, 700 kr. til hvors, greiði hin ákærðu in solidum.

Samkvæmt kröfu hinna ákærðu var héraðsdómaranum stefnt með framhaldsstefnu 5. jan. 1931 til ábyrgðar fyrir meðferð hans á málinu og hefir hann mætt og látið mæta í hæstarétti og fært fram vörn fyrir sig. Byggja hin ákærðu kröfu sína um ábyrgð á hendur dómaranum aðallega á því, að hann hafi dregið rannsóknina á langinn, að hann hafi beitt ólöglegri hörku sérstaklega með því að setja þau í gæzluvarðhald, og að hann hafi bókað rangt framburði þeirra. Að visu hefir allmikill dráttur orðið á fyrri rannsókninni í málinu, en dómarinn hefir réttlætt þetta nægilega af sinni hálfu með því sem tekið hefir verið fram í undirréttardóminum. Og framhaldsrannsóknina hefir hann leyst af hendi án nokkurs ónauðsynlegs

dráttar. Það þykir því ekki ástæða til að víta hann fyrir þetta, enda á dráttur sá, sem orðið hefir á rannsókninni aðallega rót sína að rekja til þess, að hin ákærðu hafa torvelað rannsóknina á ýmsan hátt, meðal annars með því í byrjun að halda ýmsum gögnum og upplýsingum, er þau eigi létu koma fram fyrir en við fyrri flutning málsins í hæstarétti og gerði það framhaldsannsókn nauðsynlega. Og að því er snertir hin kæruatriðin á hendur dóm-
 aranum, þá gaf framkoma ákærðu fulla ástæðu til að setja þau í gæzluvarðhald og það eru engar sannanir fram komnar um það, að rannsóknar-
 dómarrinn hafi bókað rangt framburði ákærðu eða annara. Það verður því að líta svo á, að það hafi verið ástæðulaust að stefna héraðsdómaranum til ábyrgðar og ber því samkvæmt kröfu hans að dæma hin ákærðu til þess in solidum að greiða honum málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

Á rekstri málsins fyrir hæstarétti hefir einnig orðið allmikill dráttur, er sækjandi á þó enga sök á, en þar sem drátturinn af hálfu verjanda á að miklu leyti rót sína að rekja til þess, að málið er mjög umfangsmikið, að mikill tími hefir farið til þess að útvega ný gögn, svo og til þess, að hann var um tíma erlendis, þá þykir eigi ástæða til að láta hann sæta vítum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Björn Gislason, sæti betrunarhúsvinnu í tólf mánuði og ákærða, Hansína Inga Pétursdóttir, sæti fangelsi við venjulegt fanga-
 viðurværi í tvo mánuði, svo skulu þau og svift rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða

atvinnufyrirtæki, Björn Gíslason æfilangt og Hansína Inga Pétursdóttir í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Hin ákærðu greiði hvort um sig gæzluvarðhaldskostnað sinn og ákærða Hansína Inga geiði talsmanni sínum í héraði, Páli Jónssyni, 70 kr. í málsvarnarlaun. Ennfremur greiði hin ákærðu in solidum allan annan kostnað sakarinnar í héraði og allan áfrýjunarkostnaðinn, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málaflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Eggerts Claessen, 700 kr. til hvors. Og loks greiði hin ákærðu in solidum héraðsdómaranum, lögreglustjóra Hermanní Jónassyni, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar hálfu, gegn Birni Gíslasyni og Hansínu Ingu Pétursdóttur, Vatnsstíg 3, hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 26. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, laga nr. 51 frá 7. maí 1928, og laga nr. 25 frá 14. júní 1929, sbr. lög nr. 53 frá 1911.

Báðir talsmenn hinna ákærðu hafa krafizt þess, að dómarinn víkji sæti í málinu, aðallega að því er virðist vegna þess, að ákærður hefir ritað dómsmálaráðuneytinu tvær kærur á hendur dómaranum, og ritað um hann eitthvað af niðgreinum í blaðið „Stormur“.

Ákærður hefir lagt fram í réttinum afrit af þessum kærum, afrit af ofanefndum niðgreinum, og það sem hann kallar vörn í málinu. Þá hefir hann og sýnt í réttinum og óskað lagt fram, án þess að það hafi verið gert,

afrit af bækling, sem hann hafi í hyggju að gefa út á næstunni, um dómaraann.

Dótt ákærður hafi þannig ritað kærur á hendur dómaraannum, og niðgreinar um hann, og ætli að rita fleiri, þá er vitanlega svo fjarri því, að dómaraann sé skylt að víkja sæti fyrir þessa sök, að honum er það ekki heimilt. Kröfur nokkrar um frekari rannsókn í málinu, hafa talsmenn ákærða borið fram, en þær eru ekki þann veg rökstuddar, að séð verði af þeim, að ástæður séu til frekari rannsókna að svo komnu.

Þessar framangreindar kröfur talsmanna ákærðu og ákærðs verður því ekki unnt að taka til greina, og skal því víkið að efnishlið málsins.

Tildrög þessa máls eru þau, að Hansína Inga Pétursdóttir varð gjaldþrota með úrskurði lögmannsins í Reykjavík, dags. 24. ágúst 1929. En 9. s. m. hafði hrmflm. Lárus Fjeldsted, látið gera löghald hjá ákærðu fyrir vixli að upphæð d. kr. 2415.31, samþykktum af Birni Gíslasyni fyrir hönd Hattaverzlunarinnar Klapparstig 37. Út af því var tekið að rannsaka ýmislegt viðvikjandi rekstursháttum þeirrar verzlunar, sem ákærðu höfðu rekið undanfarið, og kom þá í ljós það sem sagt verður hér á eftir.

1. Til verzlunar þeirrar, sem ákærða hefir rekið á sínu nafni undanfarin ár, er í raun og veru stofnað með viðskiptum ákærðs Björns Gíslasonar, við mann að nafni Guðjón Guðmundsson, fyrrv. kaupmann hér í bænum. Viðskipti þeirra eru allgömul, en þau sem koma hér aðallega til greina, byrjuðu laust fyrir árið 1924. Guðjón hafði lánað ákærðum vöruúttekt úr búð sinni, því að hann rak þá matvöruverzlun á Baldursgötu 31, hér í bænum; ennfremur hafði hann lánað ákærðum einhverjar smáupphæðir í peningum og svo hafði hann einnig selt honum dálítið af gömlum skuldum, sem virðast hafa verið mjög lélegar. Gefur svo ákærður Guðjóni skuldaviðurkenningu árið 1924, og telur hann þá Guðjón eiga hjá sér um 15 þúsund krónur. Guðjón hefir sjálfur tekið það fram, að hann álíti, að með þessari skuldaviðurkenningu byrji þau viðskipti sín við ákærða, sem leitt hafi af sér mjög óheilbrigð viðskipti af hans hendi við sig. Hann telur að þessi skuldaviðurkenning sé í raun og veru allt of há, því að skuldin hafi að réttu lagi alls ekki verið svona

mikil. Út af þessari skuldaviðurkenningu fór ákærður svo að ræða um það við Guðjón, að hann mundi sennilega ekki geta lokið þessari skuld, nema hann færi til útlanda, og gerði einhverja verzlun. Telur Guðjón, að hann hafi hjálpað ákærðum með nokkra peningaupphæð til utanfarar á þessu ári, en ferð ákærðs hafi ekki borið neinn verzlunarlegan árangur. Ákærður neitar því hinsvegar að hann hafi á árinu 1924 fengið nokkra peninga til utanfarar hjá Guðjóni.

Það er svo seint á árinu 1925, að ákærður fer að tala um það á ný við Guðjón Guðmundsson, að hann verði að fara til útlanda til þess að gera vöruinnkaup, og ljúka á þann hátt skuldaviðskiptum sínum við Guðjón. Telur Guðjón sig þá hafa látið ákærða fá allstóra peningaupphæð til utanfarar, og hefir sýnt og lagt fram í þessu máli víxil að upphæð 5355,00 krónur, útgefinn 12. marz 1926 samþykktan af Steinunni Stefánsdóttur, Vesturgötu 35, en með henni bjó þá ákærður í þessu máli. Jafnframt hefir Guðjón lagt fram framlengingarvixil fyrir þessum víxli, að upphæð kr. 5500,00 og er sá víxill samþykktur af ákærðum. Guðjón telur að þessi peningalán til utanfararinnar hafi verið gerð upp eftir að ákærði kom heim, og þessvegna sé fyrri víxillinn gefinn út 12. marz 1926. Hann hefir viðurkennt það, að víxillinn muni vera eitthvað talsvert hærri en sú upphæð, sem hann hafi lánað ákærðum í raun og veru áður en hann fór til útlanda. Jafnframt hefir Guðjón Guðmundsson upplýst það, að meðan að ákærður var í útlöndum um áramótin 1925 og 1926 hafi hann sent simskeyti til áðurnefndrar Steinunnar Stefánsdóttur og skýrt henni frá, að nú væri hann búinn að fá nýlenduvoorur handa Guðjóni Guðmundssyni fyrir 17 þúsund krónur, en sig vantaði um 1700 krónur til þess að koma þessum kaupum í gegn til fullnustu. Steinunn Stefánsdóttir kom þá til Guðjóns og skýrði honum frá þessu, og hann kveðst þá þegar hafa sent 1700 krónur til ákærðs, en 300 krónur kveðst hann hafa látið Steinunni Stefánsdóttur fá til lífsframbæris, því að hún var þá peningalaus. Þetta kveður Guðjón einnig hafa verið gert upp með víxli, þegar ákærður kom frá útlöndum, og hefir hann lagt fram við rannsókn þessa máls víxil samþykktan af Birni Gíslasyni 12. marz 1926 að upphæð 17 þúsund krónur, sem

hann átti hjá Birni frá árinu 1924 og áður er áminnst, og þær tvö þúsund krónur, sem að hann lét ákærðan fá meðan hann var erlendis, og áður hefir verið sagt frá.

Ákærður í þessu máli, Björn Gíslason, hefir viðurkennt þennan framburð réttan að öðru leyti en því, að hann kveðst ekki minnst þess, að hann hafi fengið neina peninga hjá Guðjóni Guðmundssyni til utanfarar á árinu 1924 eða 1925, en hann kveðst hafa fengið senda peninga, að hann minnr um 1500 krónur, frá Guðjóni, meðan hann var í útlöndum í þetta skifti. Kveður hann þessa peninga hafa átt að vera til þess að útvega nýlenduvörur, en það hafi svo mistekist. Ákærður hefir hinsvegar ekki getað gert grein fyrir því, hvernig standi á 5355,00 króna vixlinum, heldur helst að hann sé tilkominn fyrir vörur, sem hann hefir þó ekki getað gert nánari grein fyrir. Ekki hefir hann heldur getað gert grein fyrir því hvernig á því standi, að skuldin frá 1924, hafi hækkað úr 15 þús. upp í 17 þúsund krónur, og hann hefir heldur ekki gert þess grein, fyrir hvaða fé hann og Hansína Inga Pétursdóttir hafi siglt og dvalið erlendis í þetta skipti.

Ákærður kom frá útlöndum úr siglingu þeirri, sem að sagt hefir verið frá hér að framan, snemma á árinu 1926, og var þá með honum Hansína Inga Pétursdóttir. Þau skýrðu Guðjóni Guðmundssyni frá því, að vegna þess að peningar hans hefðu komið of seint hafi þau ekki getað útvegað honum nýlenduvörurnar, eins og gert hefði verið ráð fyrir, en hinsvegar kváðust þau hafa mjög mikið af álna- og fatnaðarvöru meðferðis, á henni væri fljótttekinn gróði, en ákærður kvað sig vanta peninga til þess að leysa þessa vöru út. Taldi hann að eina leiðin fyrir Guðjón Guðmundsson, til þess að fá sitt, væri sú, að leysa þessar vörur út, fá framsal fyrir þeim, og síðan yrði opnuð búð og rekin verzlun með vörurnar, þannig, að Guðjón fengi peningana greidda jafnóðum og vörurnar seldust og peningarnir kæmu inn. Átti að reka þessa verzlun í nafni ákærðu, og hún ásamt ákærðum að sjá um reksturinn.

Guðjón Guðmundsson, útvegaði nú peninga til þess að leysa út framannefndar vörur, greiða toll, farmgjöld og fleira. Kvaðst hann í því skyni hafa útvegað ákærða milli 20 og 30 þúsund krónur, en nánar tiltekið, allt að 28 þús-

undum. Hefir hann lagt fram við rannsókn málsins víxil, sem samþykktur er af Birni Gíslasyni, dags. 10. marz 1926, að upphæð 28650,00 krónur. Hefir Guðjón gefið þá skýringu á þessari upphæð, að í henni sé innifalinn 7 þúsund króna víxill, sem ákærði samþykkti og Guðjón gaf út, og seldur var Sigurði Jónssyni, múrara, fyrir 6000 krónur. Hina peningana sem í víxlinum séu innifaldir, kveðst hann hafa látið frá sjálfum sér og konu sinni, allt sem þau áttu, og enn fremur útvegað á sitt eigið nafn peningalán, sem gengið hafi til ákærðs. Hefir Guðjón gert allnána grein fyrir þessu, og þeir sem hann hefir fengið peninga hjá, hafa kannast við að sú greinagerð sé rétt. Þegar Guðjón Guðmundsson útvegaði fyrstu peningana til útlausnar varanna, sem eins og áður segir, voru á nafni ákærðu, framseldi hún honum vörur, sem að faktúruverði voru kr. 2374,75 virði, en þær vörur sem voru leystar út eftir þetta fyrir peningana, sem Guðjón útvegaði, voru ekki framseldar honum, heldur innleystar á nafn ákærðu, en með þessum vörum var svo byrjuð verzlun á nafni ákærðu, í húsinu nr. 1 við Grettisgötu hér í bænum. Og þó að vörurnar væru ekki framseldar Guðjóni, kveðst ákærður Björn Gíslason telja, að Guðjón hafi í raun og veru átt þetta allt saman, enda kemur þeim saman um, að svo hafi verið um talað, að Guðjón fengi peningana jafnöldum og vörurnar seldust.

Ákærður í þessu máli hefir viðurkennt, að þetta sé rétt að öðru leyti en því, að hann kveðst ekki muni hafa fengið svo mikið af peningum hjá Guðjóni eins og Guðjón tiltaki. Hann kveðst reyndar muna eftir peningum, sem hann fékk hjá Sigurði Jónssyni fyrir framangreindan 7000 króna víxil, og enn fremur að Guðjón hafi um þetta leyti útvegað sér um 4000 krónur, og aftur síðar 6000 krónur fremur en 4000 krónur, en skýringar hans um þessi atviki eru mjög óákveðnar og talsvert mikið á reiki, og hann hefir ekki gert neina sennilega grein fyrir því, aðra en þá, sem Guðjón heldur fram, hvernig 28650 króna víxillinn hafi orðið til.

Það er nú upplýst með samhljóða framburði þeirra, ákærðs og Guðjóns Guðmundssonar, að Guðjón hefir fengið útborgað úr verzluninni eitthvað fyrst eftir að hún byrjaði. Telur Guðjón, að þetta muni hafa verið samtals um

1100 krónur. Sá sem var við bókhaldið telur þetta sennilega rétt, og ákærður hefir heldur ekki mótmælt því. En Guðjón telur að þessir peningar hafi gengið inn í verzlunina aftur smátt og smátt til ýmsra daglegra þarfa, en það telur ákærður hinsvegar að ekki muni vera rétt.

Þegar leið á veturinn fór Guðjón Guðmundsson að ókyrrast yfir því að geta ekki staðið í skilum við þá, sem hann hafði fengið lánaða peninga hjá, og virðast þeir þá hafa komið sér saman um það, eftir ráðum Björns, að reyna að gera einhverja stærri verzlun. Keypti þá ákærður sild fyrir nokkuð af vörunum, sem í búðinni voru, en sá maður, sem vöurnar fékk, valdi úr þeim vörunum eftir því sem honum þótti best henta. Þessa sild sendi svo ákærður til Þýzkalands og telur sig ekki hafa haft upp úr henni nema 200 til 300 krónur. Um sama leyti keypti ákærður vörur af Sigurði Jónssyni, múrara, og Páli Magnússyni, járnsmið. Var þetta fatnaður og álnavara. Fyrir vöurnar sem hann fékk hjá Sigurði Jónssyni lét hann víxil að upphæð 8000 krónur, samþykktan af sjálfur sér, en útgefinn af Gísla Gíslasyni, silfursmið. Fyrir þennan víxil fékk ákærður einnig um 1000 krónur í peningum, ásamt vörunum, en fyrir vöurnar, sem ákærður fékk hjá Páli Magnússyni, lét hann 5500 króna víxil, samþykktan af sjálfum sér en útgefinn af Guðjóni Guðmundssyni. Hvorutveggja þessar vörur voru látnar saman við vöurnar í búðinni á Grettisgötu 1, og telur ákærður að sumt af þessum vörum hafi farið fyrir síldina, en meiri hluti þeirra telur hann að farið hafi fyrir bifreið, sem að ákærður keypti um þetta leyti fyrir vörur af Zóphoníasi Baldvinssyni, en bill þessi telur hann að hafi verið lélegur, og hafi hann síðast selt hann Geir Pálssyni fyrir 1000 krónur í peningum og eitthvað af vörum, og hafi Geir kannast við að það sé rétt.

Um vorið 1926, fór ákærður í þessu máli til útlanda, til þess að selja síldina, sem hann hafði keypt og áður er sagt frá. En um sama leyti kveðst Guðjón Guðmundsson hafa gersamlega hætt að fá nokkra greiðslu úr búðinni fyrir þær vörur, sem þar seldust. Og eftir að ákærður kom frá útlöndum, sagði hann Guðjóni hvernig farið hafði með síldarverzlunina. Þessir peningar, sem Guðjón hafði lagt fram, kveðst ákærður hafa sagt honum að væru þar

með tapaðir, og Guðjón hefir síðan alls enga greiðslu fengið á því, sem hann lagði inn í verzlunán á Grettisgötu 1, bæði peninga og vörur eins og frá hefir verið sagt, en hin ákærðu ráku svo verzlunina á Grettisgötu 1, allt árið 1926 og 1927, og til snemma á árinu 1928, nema lítinn hluta af árinu 1927, er Jóhanna systir ákærðs annaðist reksturinn, á meðan hin ákærðu voru í Kaupmannahöfn. En snemma á árinu 1928, byrjuðu þau Hattaverzlun á Klapparstig 37, á þann hátt sem síðar verður greint frá.

Hér hefir þá verið lýst í aðaldráttum tildrögum að rekstri verzlunar þeirrar, sem ákærð höfðu á Grettisgötu 1. Á þessum tíma átti ákærður einnig í viðskiptum, sem ekki koma beinlínis verzlunarrekstrinum við, og verður minnst á sérstaklega síðar. Ákærður hefir nú gert þá grein fyrir þeim verzlunarrekstri, og því að Guðjón Guðmundsson fékk ekkert útborgað úr verzluninni eftir vorið 1926, að þá hafi í raun og veru farið fram uppgjör milli Guðjóns og ákærðu, hún hafi þá eignast verzlunina að fullu, og með því að taka að sér greiðslu á 7000 króna vixlinum, sem Sigurður Jónsson hafði keypt, það sé því ekkert óeðlilegt, þó að Guðjón hafi ekki fengið neitt útborgað eftir þennan tíma. Það er rétt að ákærður greiddi að lokum þennan vixil, sem ábyrgðarmaður á honum Hallur Þorleifsson hafði orðið að leysa út, en það var mjög eðlilegt að hann gerði það, því að Guðjón gat þá ekki greitt hann, þar sem hann var orðinn eignalaus maður, en ákærð var samþykkjandi á vixlinum og á hennar nafni var verzlunin rekin, svo að hætta var á að gengið yrði að verzluninni. Hallur Þorleifsson hefir skýrt svo frá, að ákærður hafi greitt sér þennan vixil með 7000 króna vixli á Guðmund heitinn Jónasson í Hafnarfirði. Kveðst hann hafa tekið við þessum vixli sem greiðslu, vegna þess að hann hafi verið orðinn úrkulavonar um að fá nokkuð greitt. Hallur Þorleifsson hefir enn fremur skýrt svo frá, að þegar að hann hafi ætlað að innheimta vixil þennan, að þá hafi því verið haldið fram, að fyrir hann hafi átt að koma tvær bifreiðar, sem að ákærður hafi aldrei afhent. Ákærður hefir ekki viljað kannast við þetta, hann kveðst hafa látið fyrir vixilinn eitthvað af peningum og vörum hvortveggja frá verzluninni á Grettisgötu 1, enda verður ekki séð að hann hafi haft af öðru að taka. Með því að Guð-

mundur Jónasson er látinn, hefir ekki verið hægt að upplýsa þessi attriði.

Ekkert hefir að öðru leyti framkomið í málinu, sem gæti stutt þá staðhæfingu ákærðs, að Guðjón Guðmundsson, hafi afsalað sér öllum rétti til verzlunarinnar á Grettisgötu 1, vorið 1926. Guðjón sjálfur staðhæfir að hann hafi alls ekki gert það, hann hafi sjálfur litið svo á, að hann lánaði hinum ákærðu vörurnar, sem hann útvegaði peningana til að útleysa, að hin ákærðu ættu verzlunina í sameiningu þó að ákærða væri talin fyrir henni, og að hann ætti rétt til þess að fá peninga greidda um leið og þeir kæmu inn, svo hafi verið umsamið, Þeim rétti kveðst hann aldrei hafa afsalað sér. Hin ákærðu hafi hætt að efna þessi loforð sín og hann svo gefist upp við að innheimta þetta.

Ákærða í máli þessu styður og framburð Guðjóns Guðmundssonar. Hún kveðst hafa verið talin fyrir verzluninni í upphafi, og hafa séð um söluna innanbúðar eins og hver önnur innanbúðarstúlka; hún kveðst ekki hafa vitað til þess að Guðjón hafi nokkurntíma átt verzlunina, og ákærðan kveður hún hafa annast allar peningaútveganir til verzlunarrekstursins, séð um bókhald verzlunarinnar og allan rekstur út á við. Hvað Guðjóni Guðmundsyni og ákærðum hafi farið á milli, kveðst hún ekki vita.

Eins og sést af því sem nú hefir verið sagt, hefir Guðjón Guðmundsson því lánað og útvegað hinum ákærðu alla þá peninga til innlausnar varanna er seldar voru á Grettisgötu 1, um tveggja ára bil, og þau höfðu aðallega lífsframfæri sitt af. Er það sérstaklega eftirtektarvert, að ákærður skrifaði upp á allar skuldbindingar vegna peningalána til útlausnar þeirra vara er runnu inn í verzlunina, en verzlunin er hinsvegar algerlega rekin á nafni ákærðu. Hún skrifaði aðeins sem samþykkjandi á einn víxil og Guðjón Guðmundsson hefir skýrt frá því, að ákærður hafi oft talað um það, að hún þyrfti að losna af þessum víxli, því hún mætti hvergi standa sem skuldari, með því móti hefði verzlunin meiri tiltrú. Og í þessu skyni samþykkti Guðjón 7000 króna víxil til framlengingar hinum fyrri, en Sigurður Jónsson vildi ekki taka þann víxil til framlengingar, og seldi ákærður hann þá Methúsalem Jóhannssyni fyrir 4000 krónur og bílgarm.

Sá maður sem að hafði bókhaldið á hendi fyrir ákærðu í byrjun ársins 1926, kveðst hafa verið staddur við upptalninguna og afhendinguna á vörum þeim, sem ákærður lét fyrir sildina, og segir hann að ekki hafi sést að verulegu skertust þær vörur, sem í búðinni voru við þetta, svo mikið hafi verið eftir. Enda er það vitanlegt að á því að selja þessar vöruleifar lifðu hin ákærðu það sem eftir var af árinu 1926, árið 1927 og til í byrjun ársins 1928.

Aðaluppistaðan í verzlunaraðferð ákærðu er þá þannig, að ákærður lætur Guðjón Guðmundsson útvega peninga til innlausnar varanna, lofar að borga um leið og þær seljast, skuldbindur sjálfan sig, en lætur vörurnar aðallega ganga yfir á nafn ákærðu, sem svo selur þær þeim til lífsframtæris, án þess að greiða Guðjóni nema rétt fyrst meðan verið er að koma honum ennþá lengra út í ábyrgðir og skuldir.

2. Um þetta leyti eða aðallega árið 1926 gerði ákærður ýmiskonar fleiri verzlunir. Það hefir verið áður minnst á kaup hans á vörum frá Páli Magnússyni og Sigurði Jónssyni. Og ennfreður seldi ákærður Sigurði Jónssyni víxla að upphæð kr. 3000,00 og annan um 8000 krónur, sem Gísli Gíslason skrifaði upp á, sem ábyrgðarmaður. Fyrir báðum þessum víxlum hefir Gísli Gíslason orðið að setja tryggingu til Sigurðar Jónssonar, en árið 1926, þegar þessir tveir víxlar, sem Gísli var ábyrgðarmaður á, voru um það bil að falla í gjalddaga, skrifaði Gísli, sem ábyrgðarmaður á þrjá víxla til viðbótar. Var einn þeirra 5500 krónur, annar 20000 krónur og þriðji 7500 krónur. Var svo um talað milli ákærðs og Gísla, að þessa víxla skyldi ákærður nota til þess að gera „verzlun“, þannig, að Gísli yrði losaður við skuldbindingar sínar við Sigurð Jónsson, þennan framannefnda 5500 króna víxil seldi ákærður, fyrir milligöngu Tómasar Skúlasonar, Þórarni nokkrum Kjartanssyni, hér í bænum fyrir vörur, sem þeim virðist hafa orðið lítið úr, og 7500 króna víxlinn seldi Tómas Skúlason Guðmundi Jóhannssyni, kaupmanni, hér í bænum, einnig fyrir vörurusl og eitthvað lítið af peningum. Ákærður heldur því fram, að Tómas hafi gert þetta í óleyfi, en Tómas mótmælir því, en báðum kemur þeim saman um, að Tómas hafi aldrei skilað ákærðum neinu af andvirði þessa víxils.

Þriðji víxillinn mun hafa verið seldur Jóni Sigmundssyni, kaupmanni hér í bænum, en ákærður sá einhvernvegin um greiðslu á honum. — Þegar Gísli Gíslason var kominn út í þetta, og skuldheimtumennirnir — eigendur víxlanna — gengu hart að honum, kom ákærður enn til hans sumarið 1928, og bauð honum 3200 mill af sigarettum, sem lægi í Frihöfninni í Kaupmannahöfn, en á hvíldi 4000 krónu krafa. Þegar Gísli hafði fengið þessar sigarettur framseldar frá ákærðum, átti ákærður að vera laus við allar skuldbindingar út af víxlunum og Gísli að taka þá að sér til fulls. Að þessu gekk Gísli Gíslason, sem útvegaði sér 4000 krónur að láni, og leysti sigarettarnar út hjá Frihöfninni, en er þær höfðu verið sendar hingað heim, var tollur og farmgjald svo hátt, að Gísli gat ekki greitt það, og voru því sigarettarnar seldar hér á uppboði. — Gísli sat því uppi með víxilskuldirnar og 4000 króna skuld í viðbót.

3. Veturinn 1926, keypti Guðjón Guðmundsson, húsið nr. 4 A við Grundarstig, af Geir Pálssyni trésmið hér í bænum, sem seldi húsið fyrir hönd konu sinnar. Kaupverðið virðist eftir því, sem næst verður komist, hafa verið allt að 80 þúsund krónur, og var húsinu afsalað á nafn Halls Þorleifssonar, kaupmanns. Upp í þetta hús greiddi Guðjón Guðmundsson krónur 4000,00 í peningum, þúsund króna kröfu, sem að hann framseldi Geir. Ávisun á 5000 króna matvöruúttekt hjá Halli Þorleifssyni, og frakka, sem reiknaðir voru á nokkur þúsund, en óupplýst er hve mikils virði hafa verið. Þegar að Guðjón keypti húsið hvíldi á því veðdeildarlán og annars veðréttarvíxillán, en Hallur gaf út skuldabréf til konu Geirs, þannig, að á húsinu kom til að hvíla um 61 þúsund krónur.

Guðjón Guðmundsson skýrir nú svo frá, að ákærður í þessu máli, hafi sagt sér um vorið 1926, að hann mundi geta selt fyrir hann húsið. Lét því Guðjón afsala húsinu til ákærðs gegn því, að ákærður samþykkti 20 þúsund króna víxil til Guðjóns, þetta gerðu þeir, og kom það, að því er virðist í stað söluumboðs af hendi Guðjóns. En í stað þess að selja húsið, afhenti ákærður Geir Pálssyni afsals- og heimildarskjölin fyrir húsinu gegn því að 3ja veðréttarskuldabréfið félli niður, og kona Geirs eignaðist húsið á þann hátt, en Guðjón tapaði öllu því sem hann

hafði greitt í húsinu, enda hafði kona Geirs tekið alla leigu fyrir húsið á því tímabili, sem að Guðjón átti það, að sögn Geirs til að borga af því skatta og skyldur.

Ákærður heldur því nú fram, að húsið hafi hann afhent vegna þess, að skuldirnar, sem á því hvildu hafi verið fallnar í gjalddaga og Geir hafi hótað að ganga að honum. Þetta viðurkennir Geir að sé alveg rétt. Jafnframt heldur ákærður því fram, að Guðjón Guðmundsson hafi samþykkt það að hann gerði þetta, og að Geir hafi lofað, að því, sem hann kynnti að selja húsið fram yfir 61 þúsund, skyldi skiptast jafnt milli konunnar sinnar annarsvegar og ákærðs og Guðjóns hinsvegar. Guðjón neitar því mjög eindregið að hann hafi nokkur tíma samþykkt þessa ráðstöfun ákærðs, og það verður að telja það í alla staði mjög ósennilegt, að hann hafi gert það. Guðjón kveðst fyrst hafa fengið þá vitneskju frá Geir Pálssyni, að hann og kona hans væru aftur orðin eigendur að húsinu með þessum hætti. Geir Pálsson hefir neitað því mjög ákveðið að hann hafi nokkur tíma tekið á móti húsinu með þessum skilmálum, sem ákærður vill vera láta og skýrt hefir verið frá.

4. Guðjón Guðmundsson hafði átt talsverða upphæð hjá Guðmundi Þorkelssyni, kaupmanni, hér í bænum. Til greiðslu þeirrar skuldar afhenti Guðmundur Guðjóni Guðmundssyni, víxil að upphæð kr. 5000,00, samþykktan af A. J. Grönbæk í Kaupmannahöfn. Þennan víxil lét Guðjón Franz Andersen fá fyrir víxil sömu upphæðar, samþykktan af Franz Andersen. Þennan víxil á Franz Andersen, það Guðjón Guðmundsson ákærðan í þessu máli að taka af sér til útlanda, er hann fór þangað 1926, og reyna að fá út á hann vörur hjá Grönbæk. Því svo virðist hafa verið tilætlað, að þessi víxill, sem Franz Andersen samþykkti, væri einskonar ávísun á Grönbækvíxilinn, svo að ef Grönbæk leysti víxil þann, sem Franz hafði samþykkt, með vörum, eða á annan hátt, gæti hann gegn afhendinguhans fengið víxilinn á sjálfan sig í hendur.

Ákærður kveðst engar vörur hafa getað fengið út á þennan víxil hjá Grönbæk, sem þá hafi verið orðinn gjaldþrota. Hann hafi þessvegna álitíð víxilinn alls einskis virði, og gefið Guðmundi Þorkelssyni hann, þar sem að hann hitti hann á kaffihúsi út í Hamborg.

5. Þegar fór að minnka um vörurnar, sem ákærð höfðu fengið á þann hátt, sem um er getið í 1. hér að framan, kemst ákærður í verzlunarsamband við firma eitt, Joakim Schermeister & Co. Hjá þessu firma útvegar ákærður hattavörur í byrjun ársins 1928. Vörur þessar átti að greiða við móttöku farmskirteinis, eftir því, sem séð verður, og þegar þær komu hingað snemma á árinu 1928, fékk ákærður Magnús Th. Blöndahl, kaupmann, hér í bænum, til þess að leysa þessar vörur út. Hafði Blöndahl þá um þetta leyti eignast vixil þann, kr. 5500, sem Páll Magnússon hafði fengið fyrir vörurnar, sem áður eru nefndar, ákærður samþykkt og Guðjón Guðmundsson gefið út. Kveðst Blöndahl hafa ráðizt í að leysa út vörurnar, til þess að reyna að fá greiðslu upp í þennan vixil. Afhenti Blöndahl þeim vörurnar smátt og smátt, og var svo um samið, að hann skyldi teljast eigandi þeirra, en þau annast útsölu á þeim þannig, að Blöndahl fengi um helminginn af því, sem inn kæmi, en þau hinn helminginn. Þessi verzlun með þessu fyrirkomulagi mun hafa byrjað í marzmánuði 1928. Til þess að lita eftir þessari verzlun fékk Blöndahl Björn R. Stefánsson, og hafði hann þar daglegt eftirlit og hélt þar kassabók, taldi upp í verzluninni annað slagið, til þess að sjá, hvað seldist og hve mikið kæmi inn. Þetta verzlunarfyrirkomulag gekk sæmilega í fyrstu eftir því, sem Blöndahl segir frá, en hin ákærðu virðast þó ekki hafa getað lifað af sínum hlut, sem inn kom í verzluninni, og fór að ganga mjög treglega með útborganir til Blöndahls. Skuldin, sem hafði lækkað í fyrstu, fór smátt og smátt að hækka, og um áramótin 1928 og 1929, hætti Blöndahl að afhenda þeim vörur. En um það leyti fóru hin ákærðu til Kaupmannahafnar, og hinn 5. febrúar 1929, gerðu þau þann samning við firmað Joakim Schermeister & Co., að allar þær vörur, sem þá voru í búðinni og þau telja 10464,85 króna virði, skyldu veðsettar honum fyrir þeim vörum, er þau fengju hjá honum til sölu, og ennfremur skyldu allar vörurnar, sem hann reiddi til þeirra vera hans eign. Með þessum samningi var því Hattaverzlunin á Klapparstíg 37 og Fransk Modemagasin, sem hin ákærðu höfðu þá í hyggju að stofna, gerðar að umboðssöluverzlun firmans, Joakim Schermeister & Co., þar sem allar vörurnar voru hans eign, og þær vörur, sem

þegar voru fyrir hendi í verzluninni Klapparstíg 37, honum veðsettar. Hin ákærðu áttu að fá sölulaun af þessum vörum, eftir því sem þau legðu á þær. Undir þessa samninga skrifa bæði hin ákærðu og ritar Inga sig þá Gíslason og uppfrá því, eftir því sem hún sjálf segir, samkvæmt samkomulagi við ákærðan.

Eftir að samningar þessir voru gerðir við firmað Joakim Schermeister & Co., fór ákærð til Reykjavíkur, en ákærður varð eftir í Kaupmannahöfn og hafði með sér stimpilinn „Hattaverzlunin Klapparstíg 37, Reykjavík“. Fór hann þá til ýmsra firma og fékk hjá þeim vörur gegn því að samþykkja vixil til þriggja til sex mánaða; hann kom meðal annars til firmans „Köbenhavns Sadelmagermagasin“ og keypti hjá þessu firma mublubetrekki gegn vixli að upphæð d. kr. 2415.31, sem ákærður samþykkti fyrir hönd Hattaverzlunarinnar á Klapparstíg 37, Reykjavík, til 4 mánaða. Útaf þessum vixli eru gjaldþrotin sprottin. Firmað hefir við yfirheyrslu út af þessu skýrt svo frá, að ákærður hafi komið á skrifstofu firmans, til þess að kaupa ýmsar vörur. Og eftir að firmað hafði snúið sér til firmans Joakim Schermeister & Co., og fengið þar upplýst, að Hattaverzlunin á hálfu árinu 1928, hefði borgað því firma 15.000 krónur fyrir vörur, kveðst firmað ekki hafa hikað við að lána ákærðum þessa upphæð. Hafi þá ákærður tekið stimpilinn „Hattaverzlunin Klapparstíg 37, Reykjavík“, upp úr vasa sínum og stimplað samþykkið á vixilinn og skrifað nafn sjálfs síns þar undir. Í þessu sambandi má taka það fram, að ákærður hafði með sér afrit af kassabók, sem haldin var í verzluninni 1928, að því er hann sjálfur segir, til þess að sýna firmanu Joakim Schermeister & Co., hvernig verzlunin hafi gengið og er því mjög líklegt að hann hafi, um leið og hann fékk lánaðar vörur frá öðrum firmum, vísað þeim til Joakim Schermeister & Co., til að fá upplýsingar um hag og rekstur verzlunarinnar. Ennfremur keypti ákærður vörur hjá kaupmanni, sem hann kveður heita Hermann Gryn, fyrir danskar krónur 900.000 og hjá firma, sem heitir „Magnephon“ einnig í Kaupmannahöfn, fyrir danskar krónur 3000.00, en í þeim vörum frá Magnephon telur hann aðeins ógreiddar um kr. 1200.00, þá keypti ákærður vörur hjá firmanu „Dansk Ramme- og Spejlfabrik“ fyrir

danskar krónur 2000.00 og hjá Johs. Christensen fyrir danskar krónur 3699.40, og hjá kaupmanni að nafni Valdemar Børgesen fyrir danskar krónur 1207.23.

Síðastliðið haust um það bil, er rannsókn stóð yfir út af þessu máli, fékk Páll Jónsson, lögfræðingur, peningalán hjá Magnúsi Blöndahl, um kr. 4000, til þess að reyna að greiða að einhverju leyti þeim firmum, sem Hattaverzlunin stóð í skuld við, en ákærður telur Hattaverzlunina aðeins hafa staðið í skuld við þrjú firmu, sem síðast voru nefnd, það er, „Dansk Ramme- og Spejlfabrik“, „Johs. Christensen“ og Valdemar Børgesen. Firmun, sem sennilega hafa séð, að inneign þeirra hjá Hattaverzluninni var tapað fé, — (sbr. bréf A. Hvidberg til L. Jóhannessonar — réttarskjal nr. 63, þar sem hann biður að bjarga öllu, sem bjargað verði af kröfu Johs. Christensen, að upphæð kr. 3699.40, gegn fullnaðarkvittun), — gáfu þá fullnaðarkvittun fyrir skuldunum, Dansk Ramme- og Spejlfabrik, kröfu sína gegn dönskum krónum 1000.00, Johs. Christensen gegn dönskum krónum 1500.00 og Valdemar Børgesen gegn ísl. krónum 600.00. Skuldanna hjá hinum firmunum þremur, telur ákærður stofnað til sem hans eigin skulda, kveðst hann af vangá og vegna ölvunar hafa sett stimpil Hattaverzlunarinnar á víxil Köbenhavns Sadelmager-Magasin. Fyrir þessari staðhæfingu færir ákærður engar líkur, og benda öll sönnunargögn í málinu til hins gagnstæða. Það skiptir nú að visu ekki miklu máli í þessu sambandi, hvort Hattaverzlunin á að hafa staðið fyrir skuldinni eða ákærður sjálfur, því eins og sýnt er á því, sem rakið er í sundur hér að framan, er ákærður og Hattaverzlunin í raun og veru eitt og hið sama, og hvorutveggja er eignalaust, því að eftir að umbossölusamningurinn er gerður, er Hattaverzlunin Klapparstíg 37 í raun og veru ekkert annað en nafn, sem er lítilsvirði sem skuldari eins og hin ákærðu í þessu máli hafa líka tekið fram undir rannsókn þessa máls. Í þessum verzlunarrekstri kemur fram nákvæmlega sama aðferðin og getur um undir lið 1. hér að framan. Þar skuldbindur ákærður sjálfan sig fyrir vörum, sem hann svo kemur yfir á nafn ákærðu, sem er þá næstum skuldlaus, en í raun og veru á hann ekki síður en hún allan verzlunarreksturinn, að svo miklu leyti, sem að um eign er að ræða. En þótt að

honum sé gengið fyrir skuldunum, er samt sem áður ekkert af honum hægt að hafa. Í verzlunarrekstri þeim, sem lýst er í þessum kafla er því komið fyrir þannig, að allar vörur Hattaverzlunarinnar Klapparstíg 37, eru veðsettar, verzlunin gerð að umboðssöluverzlun þannig, að ekki er hægt að ganga að henni fyrir neinu af skuldunum, sem ákærður stofnaði á hennar nafn fyrir vörulánum eftir að framannefndur umboðssölusamningur var gerður.

Að einmitt þessi tilgangur liggur á bak við þessi vörulán, kemur greinlega fram í því, að þegar að ákærður kom hingað heim og fékk vörurnar frá útlöndum, kom hann þeim í peninga þannig, að hann fékk aðeins fyrir þær um $\frac{1}{2}$ af innkaupsverði þeirra, en þá peninga lét hann þegar ganga inn í umboðssöluverzlunina, og þaðan til firmans Joakim Schermeister & Co., til þess að koma umboðssöluverzluninni sem bezt af stað og afla henni reksursfjár. En þegar átti að fara að ganga að umboðssöluverzluninni fyrir fyrstu vöruskuldinni, sem féll í gjalddaga, bera hin ákærðu það fyrir sig, að hér sé um umboðssöluverzlun að ræða, og að allar vörurnar séu veðsettar Joakim Schermeister & Co. eða hans eign, því sé ekki hægt að ganga að verzluninni fyrir þessum skuldum. Til hins sama bendir og það, að vöruskuldirnar eru alls ekki færðar verzluninni til skuldar í bókum hennar.

6. Með öllum þessum verzlunarrekstri hinna ákærðu frá upphafi er það sameiginlegt, að ýmist hefir bókhaldið verið sáralélegt eða alls ekkert. Eftir að verzlunin byrjaði á árinu 1926, virðist þó hafa verið haldin kassabók og jafnvel höfuðbók að einhverju leyti. Gerði það Björn R. Stefánsson. En um vorið 1926 virðist þetta bókhald hafa fallið niður, og ekkert bókhald hafa verið í verzluninni það sem eftir var ársins 1926, og fram á árið 1928. En eftir að verzlunin byrjaði á Klapparstíg 37, með vörur frá firmanu Joakim Schermeister & Co., hélt Björn R. Stefánsson einskonar bók fyrir hönd Magnúsar Th. Blöndahl og með afrit af þeirri kassabók fór ákærður til útlanda um áramótin 1928 og 1929. En allar þessar bækur eru nú glataðar og kveðst hin ákærða ekkert vita, hvar þær séu niður komnar.

Það sem liðið var af árinu 1929, þangað til ákærða varð gjaldþrota, var haldin sjóðbók, en þeir endurskoð-

endur, sem hafa skoðað bókhald þetta, kveða öll fylgiskjöl vanta og sýna fram á, að bókhaldið er í óreiðu. Meðal annars eru skuldir Hattaverzlunarinnar við útlönd, nema hjá Schermeister, alls ekki færðar henni til skuldar í verzlunarbókunum. Hinsvegar er andvirði varanna fært sem innkomnir peningar frá Magnúsi Blöndahl, krónur 2000.00 og innkomið fyrir vörur frá ákærðum, krónur 6500, án þess að gera nánari grein fyrir því. Verður hagur hattaverzlunarinnar á þessum tíma, með færslum á þessum hætti, alrangur, og yfirleitt er frágangur bókhaldsins þannig, að endurskoðendurnir segja, að ekki sé nema til málamynda að gefa yfirlit yfir efnahag og rekstur verzlunarinnar á þessum tíma, af svo miklum vanefnum hljóti það að verða gert, því svo lélegur sé frágangurinn á bókhaldinu.

Eins og sést af því, sem sagt hefir verið hér að framan, reka hin ákærðu umræddar verðlanir í félagi. Þegar ákærður kom frá útlöndum 1926, var ákærð með honum, og höfðu þau þá keypt vörurnar á nafn ákærðu. Hún ber það þá með ákærðum við Guðjón, að 1700 krónurnar hafi komið of seint til þess að kaupa nýlenduvörurnar, sem ákærður lofaði Guðjóni gegn peningasendingunni. Þessum peningum skiluðu þau þó ekki, heldur fengu stórum meira af peningum hjá Guðjóni með því að telja hann á, að mun meira mætti græða á vefnaðarvörum, sem þau hefðu meðferðis. Fyrst eru Guðjóni framseldar vörur gegn peningum, sem hann útvegar, og þetta gerir ákærð. Síðan er þessu hætt, ákærð færa sig upp á skaftið, og loforð um endurgreiðslu, er vörurnar seljist, er látið nægja. Og meðan verið er að útvega lánin fær Guðjón smá endurgreiðslur. En þegar peningaútvegum hans lýkur og vörurnar innleysast á nafn ákærðu, er hætt að greiða Guðjóni, og hann stendur uppi með háa víxilskuld á ákærðan, sem honum virðist þá fyrst fara að verða ljóst að sé æði litilsvirði. Það verður að telja það alveg bersýnilegt, að ákærðu hafi verið það ljóst, hvað hér var að gerast. Það er ef til vill tæpast hægt að segja, að um vörulán af hendi Guðjóns hafi verið að ræða, en hitt er upplýst, að hann lánaði peningana beinlínis til útlausnar varanna og gegn því, að þeir peningar yrðu greiddir, er vörurnar seldust. En að þetta var ekki tilætlunin af hálfu ákærðra, sýnir það

fyrirkomulag rekstursins, sem lýst er hér að framan á annað ár, og að hin ákærðu lifðu á þessum vörum, sem aflað var fyrir peningana frá Guðjóni, án þess að greiða honum nokkuð annað en það, sem hann fékk greitt meðan verið var að koma honum út í þetta. Hlutu þau og þá að sjá það, að þau mundu ekki geta staðið í skilum við hann.

Þetta framferði ákærðra við Guðjón ber að heimfæra undir 259. gr. alm. hegningarlaga.

Um ákæruatriði það, sem talið er undir 2. hér að framan, er það að segja, að dómarrinn fær ekki séð, að það verði heimfært undir ákvæði neinnar greinar 26. kapitula hegningarlaganna, með því að Gísli Gíslason hefir og tekið hið þar umrædda tóbak, sem fullnaðargreiðslu á umræddum vixli.

Um ákæruatriði það, er talið er undir 3. hér að framan, er það að segja, að þar brestur sannanir fyrir því, að álit dómarrans, að ákærður hafi auðgað Geir Pálsson, sjálfan sig eða einhvern annan með því að afhenda húsið nr. 4 A. við Grundarstig, eins og hann gerði. Verður því, að álit dómarrans að sýkna ákærðan af þessu ákæruatriði.

Af sömu ástæðum ber að álit dómarrans að sýkna ákærðan af því ákæruatriði, sem talið er undir lið 4, hér að framan, það brestur sannanir fyrir því, að umræddur vixill hafi verið einhvers virði, og allar líkur benda til þess, að svo hafi ekki verið.

Þá er komið að því ákæruatriði, sem talið er í 5. lið hér að framan. Það verður að telja það nægilega sannað, af ástæðum, sem tilgreindar eru í nefndum lið, að þar umrædd vörulán, sé beinlínis undirbúin og tekin af hálfu ákærðs, með það fyrir augum að greiða þau ekki, allar ráðstafanir ákærðs bæði undan og eftir að þessi vörulán voru tekin, virðast benda svo ótvírætt til þess, sem frekast má verða. Afbrot það, sem ákærður hefir framið með þessum vörulántökum ber að heimfæra undir ákvæði 253. gr. alm. hegningarlaga.

Þáttaka hinnar ákærðu í þessum lántökum, er eftir því, sem hin ákærðu hafa borið, mjög lítil. Að vísu hefir hún játað eftir að hún hafði áður þrætt fyrir það, að hún hafi fengið ákærðum stimpil Hattaverzlunarinnar og gefið honum munnlega heimild til að skuldbinda verzlunina, að svo

miklu leyti, sem hann gerði verzlun í nafni Hattaverzlunarinnar og fyrir hennar hönd. En ákærður var, svo sem áður er sagt, eftir í Kaupmannahöfn og keypti inn vörurnar gegn því, að samþykkja víxla fyrir andvirðinu,— eftir að ákærður var farin til Íslands, og þau höfðu í félagi gert umboðssölusamninginn við Schermeister. — Ákærður hefir svo síðar haldið því fram, að ákærður hafi aðeins haft heimild til að skuldbinda Hattaverzlunina fyrir hattavörum, og sér hafi hinsvegar legið í léttu rúmi, þótt ákærður færi með stimpil Hattaverzlunarinnar svo sem honum sýndist. Því í raun og veru hafi Hattaverzlunin aldrei verið annað en hvert annað nafn, sem hafi mátt fara með svo og svo, og í raun og veru hafi ekki verið til eftir að umboðsverzlunin hafi verið stofnuð. Yfirleitt hefir ákærður varizt sem allra mest sagna um þessi atriði, og sagst ekki þekkja inn á það, hvernig ákærður hefir aflað varanna. Og það sem hún hefir um þetta sagt, er mjög mikið á reiki.

Af því, sem að framan er sagt, þar sem ákærður telur Hattaverzlunina eiginlega ekki vera til, eftir að umboðssölusamningurinn var gerður, en hún gefur ákærðum þó heimild til, að skuldbinda hana fyrir vörlánum, liggur mjög nærri að álykta, að um sviksamlega athöfn af hennendi sé að ræða í samráði við ákærðan. En þetta telur dómariinn þó ekki nægilega sannað, né heldur hitt, að henni hafi verið það ljóst, er hún fékk ákærðum stimpilinn, að það væri þátttaka í aðstoð til að framkvæma afbrot. Hinsvegar verður ekki hjá því komizt, að álita það fullvist, að ákærður hafi verið þess vitandi, að peningarnir, sem inn komu fyrir vörurnar, voru af ákærðum lagðir inn í verzlunina, sem hún rak undir sínu nafni með ákærðum. Það stendur í verzlunarbókum verzlunarinnar, að ákærður hafi afhent kr. 6500.00 fyrir vörur, og Magnús Th. Blöndahl kr. 2000.00. En um leið og hin ákærðu gerðu þessa peninga, eða andvirði þeirra vara, sem þau greiddu með þessum peningum, að eyðslueyri sínum, hlaut þeim að vera það ljóst, að þau gætu ekki staðið í skilum við þá, sem höfðu lánað þeim vörurnar. — Hér er því að ræða um eftirfarandi hlutdeild af hálfu ákærðrar, og ber að heimfæra þetta afbrot hennar undir ákvæði 253. sbr. 56. gr. hegningarlaganna.

Loks er það ákæruatriði, sem talið er í 6. lið hér að framan. Eins og sést af því, sem þar segir, hefir bókhald hinna ákærðu alls ekki fullnægt þeim kröfum, sem gerðar eru til bókhalds verzlana, sbr. lög53/1911, og með því að hafa mestan tímann, sem þau ráku verzlunina, alls ekkert bókhald og hinn tímann sáralélegt, hafa þau brotið mjög freklega gegn ákvæðum 264. gr. 2. málsgreinar almennra hegningarlaga.

Ákærður sat í gæzluvarðhaldi frá 4. september 1929 til 5. s. m. 1929 og frá 20. september 1930 til 24. s. m. 1930. En ákærð sat í gæzluvarðhaldi frá 20. september til 23. september 1930.

Ákærð eru bæði komin yfir lögaldur sakamanna. Hann er fæddur 15. júní 1878, en hún 19. marz 1899. Hvorugt hefir sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt afbrot.

Einsog tekið er fram hér að framan, hefir ákærður, að áliti dómarans brotið gegn ákvæðum 253., 259. og 264. 2. málsg. alm. hegningarlaga. Og hin ákærða gegn ákvæðum 264., 259. og 253. gr. sbr. 56. gr. alm. hegningarlaga.

Þegar ákveða skal refsingu hinna ákærðu með tilliti til refsíákvæða framangreindra hegningarlagagreina, verður og að hafa ákvæði 58. gr. hegningarlaganna til hliðsjónar. Af því, sem sagt hefir verið hér að framan, sem kemur enn ljósara fram í prófum málsins, er ákærður hinn leiðandi í þessum verkum, en ákærð leiðist út í þetta með honum. Af hendi ákærðs virðist afbrotin vera hugsuð og yfirveguð fyrirfram, en hið sama verður ekki sagt um verknaði ákærðrar.

Refsing ákærðs Björns Gíslasonar er að áliti réttarins hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði, og refsing hinnar ákærðu, Hansínu Ingu Pétursdóttur, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, sbr. 3. gr. laga nr. 51, 1928. —

Samkvæmt því, er að framan segir, verður ekki hjá því komist, sbr. ákvæði 8. gr. laga nr. 25 frá 14. júní 1929, að svifta bæði hin ákærðu, hana sem eiganda verzlunarinnar og hann sem eiganda og framkvæmdastjóra, rétti til að reka eða stjórna verzlun í næstu 5 ár frá uppsögn dóms þessa.

Hin ákærðu greiði hvort um sig kostnað við sitt gæzluvarðhald, og ákærð greiði talsmanni sínum Páli Jónssyni,

kr. 70.00 í málsvarnarlaun, en að öðru leyti greiði þau in solidum allan kostnað sakarinnar. Talsmaður ákærðs hefir ekki gert kröfu til málsvarnarlauna.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið af hendi dómars, hvorki á rannsókn eða uppkvaðningu dómsins. En að mál þetta hefir þrátt fyrir það staðið svo lengi, stafar af því, að dómariinn sendi dómsmálaráðuneytinu próf málsins 4. nóv. 1929, og fékk 29. s. m. bréf um það, að frekari rannsókn mætti bíða unz skorið hefði verið úr um gjaldþrot ákærðu í Hæstarétti. En þegar langtum meiri dráttur varð á úrslitum þessa máls í Hæstarétti, vegna frestbeiðni hinna ákærðu, lagði ráðuneytið fyrir dómaraann, með bréfi dags. 19. september s. l. að halda máli þessu áfram og það hefir dómariinn gert án nokkurs óþarfa dráttar.

Miðvikudaginn 31. maí 1932.

Nr. 146/1932. Metúsalem Jóhannsson

(Eggert Claessen)

gegn

**Samtrygging íslenzkra botnvörpunga
og gagnsök** (Jón Ásbjörnsson).

Eftirstöðvar váttryggingarupphæðar m. m.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 27. ágúst 1932: Stefnð, Samtrygging íslenzkra botnvörpunga, greiði stefnanda, Metúsalem Jóhannssyni, kr. 1721,68 með 5% ársvöxtum frá 3. júní 1931 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útg. 23. sept. 1932, krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 9310.88 með 6% ársvöxtum frá 3. júní